

Re: Villikettir

Til : Smári Karlsson <smarik@isafjordur.is>
Frá : Þóra Jónasdóttir - MAST <thora.jonasdottir@mast.is>
Heiti : Re: Villikettir
Málsnúmer : 2016080022
Málsaðili : Villikettir, félagasamtök
Skráð dags : 05.05.2022 13:28:51
Höfundur : Þóra Jónasdóttir - MAST <thora.jonasdottir@mast.is>

Viðhengi [Álitsgerð dlk gæludýra og dýravelferðar og lögfræðings Matvælastofnunnar um starfshætti félagasamtakana Villikatta_2.pdf](#)
[Álitsgerð dlk gæludýra og dýravelferðar og lögfræðings Matvælastofnunnar um starfshætti félagasamtakana Villikatta_2.pdf](#)
[Umsögn Matvælastofnunnar til ANR varðandi erindi Villikatta_mars2020-afrit.pdf](#)
[Umsögn Matvælastofnunnar til ANR varðandi erindi Villikatta_mars 2019-afrit.pdf](#)

Hér er pósturinn sem ég sendi í gær

Sælir Axel og Smári

Það hafa komið beiðnir frá ykkur báðum um álit Matvælastofnunar hvað varðar starfsaðferðir félagsins Villikettir, skyldur sveitarfélaga hvað varðar hálfvillt dýr og möguleika á að fela öðrum framkvæmd á þeim skyldum sveitarfélaga, ef ég skil ykkur rétt. Ég leyfi mér því að svara ykkur báðum í sama póstinum. Vona að það sé í lagi.

Í viðhengi hef ég sett Álitsgerð sérgreinadlk gæludýra og lögfræðings stofnunarinnar, ásamt tveimur umsögnum til Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins frá árinu 2019 og 2020 um sömu málefni þar sem fram kemur afstaða stofnunarinnar. Þar hef ég undirstrikað með gulu helstu atriði sem varða ykkar fyrirspurn.

Ef tími ykkar er knappur þá hef ég hér undir aðeins tekið saman helstu niðurstöður.

Starfsaðferðir félagsins Villikatta hafa miðað að því að fanga, gelda, klippa ofan af eyra og sleppa köttum sem í lögunum eru skilgreindir sem hálfvillt dýr (Lög nr 55/2013 sjá 3 gr lið 3 og 22 gr <https://www.althingi.is/lagas/152b/2013055.html>). Í daglegu tali eru þessir kettir oft kallaðir „villikettir“.

Matvælastofnun telur í andstöðu við ákvæði laganna eftirfarandi

1. Að klippa ofan af eyrum katta
2. Að kettir séu ekki örmerktir og skráðir á ákveðinn umráðamann sem ber ábyrgð á velferð þeirra

Matvælastofnun telur hinsvegar ekki að það sé í andstöðu við löginn að halda kettina sem „útiketti“, ef þeim er séð fyrir fullnægjandi skjóli og mat og fái viðeigandi meðferð verði þeir veikir eða slasist. Stofnunin fagnar öllu framlagi sem stuðlar að bættri velferð þessara katta og aðgerðir sem hindra fjölgun þeirra við bágbornar aðstæður.

Varðandi skyldur Sveitarfélaga. Sveitarfélög hafa ákveðnar skyldur skv 24 gr ofangreindra laga. Sveitarfélaginu er heimilt að fela öðrum þær skyldur með sérstökum samningi. Framkvæmdin verður þó jafnt sem áður að uppfylla ákvæði laganna og afleiddra reglugerða.

Ef eitthvað er óljóst eða þið hafið frekari spurningar, ekki hika við að hafa aftur samband.

Með kveðju, / Best regards,

Þóra Jóhanna Jónasdóttir, DVM, PhD

*Dýralæknir gæludýra og dýravelferðar / Veterinary Officer for Pet Diseases and Animal welfare
Dýraheilsa / Animal Health and Welfare*

Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority

Austurvegi 64 – 800 Selfoss – Iceland

Sími/tel: (+354) 530 4800 - Fax : (+354) 530 4801 - www.mast.is

From: Smári Karlsson

Sent: Thursday, May 5, 2022 1:13 PM

To: Þóra Jónasdóttir - MAST

Subject: RE: Villikettir

Sæl,

Ég held áfram bögginu...

Kveðja,

Smári

From: Þóra Jónasdóttir - MAST
Sent: miðvikudagur, 4. maí 2022 13:22
To: Smári Karlsson
Subject: Re: Villikettir

Sæll Smári

Já fer í þetta núna.

Náði þessu ekki í gær og var í eftirliti í morgun og er svo búin að vera basla með tölvupóstinn.

En kemst inn gegnum browser alla vega eins og er. Færð í lok dags.

bkv

Þóra

From: Smári Karlsson <smarik@isafjordur.is>
Sent: Wednesday, May 4, 2022 10:25 AM
To: Þóra Jónasdóttir - MAST <thora.jonasdottir@mast.is>
Subject: Villikettir

Sæl,

Afsakaðu böggið, en hefurðu einhver tók á að svara mér í dag? Ég þarf að henda þessu máli inn á fund á morgun svo það væri mjög vel þegið að fá smá input frá þér.

Kveðja,

Smári